8. Forseti lagði fram kæruskjal frá Einari bónda Guðmundssyni á Hraunum, samið 139
«í umboði hreppsnefndarinnar í Holtshrepp», er inniheldur umkvörtun yfir tveim atriðum í úrskurði sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu 20. febr. 1881. Atriði þessi voru: 1. að sýslunefndin hækkaði útsvar Magnúsar á Illugastöðum og 2. að erfingjar Helgu í Haganesi svari til Holtshrepps aukaútsvari af öllum skuldlausum fasteignartekjum dánarbúsins, er sýslunefndin taldi alls 740 kr. og aukaútsvar þar af 2½ af hundraði, 18 kr. 50 aura. Amtsráðið vissi nú gjörla, að því bæri eigi um að dæma úrskurði sýslunefnda í sveitarútsvarsmálum, nema ef vafi kynni á því að leika, hvort sýslunefndin hefði farið fram yfir vald sitt (sbr. sveitarstjórnartilskipun, 4. maí 1872, 52. gr. 1. tölulið). Hið fyrra atriði umkvörtunarinnar kom því alls ekki til greina. Um síðara atriðið var þess að geta, að amtsráðinu var kunnugt, að í hið minnsta ætti einn af erfingjunum ekki lögheimili í þeim hrepp, er hjer um ræðir (sjá 1. gr. í lögum 9. jan. 1880), og ætti því útsvar af hans tekjuhluta arfsins frá að dragast. Amtsráðið vildi því eigi leiða hjá sjer að gefa þessa bendingu um leið og það bað oddvita sýslunefndarinnar um álit sitt og nákvæmari skýringar um þetta atriði kærunnar.
9. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, dagsett 20. jan. þ. á., þar sem sýslumaðurinn óskar fyrir hönd sýslunefndarinnar leyfis amtsráðsins til þess, að vegasjóður sýslunnar megi taka 3000 kr. lán til vega og brúagjörða; amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa.
10. Sömuleiðis veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu mætti taka 6000 kr. lán til að kaupa jörð handa búnaðarskóla.
11. Forseti framlagði bónarbrjef frá búnaðarfjelagi Fljótsdœlinga i Norðurmúlasýslu um styrk til verkfœrakaupa af þeim 300 kr., sem lagðar voru í amtsbúnaðarsjóðinn fyrir síðastliðið ár. Amtsráðið samþykkti, að veita fjelagi þessu 50 kr. styrk fyrir umliðið ár.
12. Framlagt brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dagsett 6. þ. m., þar sem hann biður um styrk handa búnaðarfjelagi, sem stofnað sje í Fljótum og Siglufirði í sameiningu. Með því amtsráðinu eigi var kunnngt um fjelag þetta, þá er tillagi landssjóðsins fyrir 1880 var skipt milli allra búnaðarfjelaga í amtinu, er amtsráðinu var kunnugt um, svo fjelag þetta fór varhluta af veitingunni, þá veitti amtsráðið því 50 kr. úr búnaðarskólasjóði amtsins.
13. Að síðustu var endurskoðaður reikningurinn yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins í norður- og austuramtinu um árið 1880; fann amtsráðið enga athugasemd við hann að gjöra og samþykkti svo reikninginn.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Ár 1881, 25. dag ágústm., voru til staðar á skrifstofu amtsins, Guðmundur 140
prestur Helgason og kennari, cand. theologiœ Jóhannes Halldórsson, tilkvaddir af forseta amtsráðsins, settum amtmanni Júlíusi Havsteen, til þess samkvœmt 46. gr. í tilsk. um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, að telja saman atkvœði þau, sem greidd hafa verið til amtsráðskosninga, sem boðað hafði verið til með brjefi amtsins 15. janúar þ. á., í stað þeirra alþingismanns Einars dbrm. Ásmundssonar í Nesi og umboðsmanns Stefáns dbrm. Jónssonar á Steinsstöðum. Voru framlagðar útskriptir af gjörðabókum sýslunefndanna í hinum 7 sýslufjelögum amtsins, innihaldandi hjer að lútandi kosningar-

140 gjörðir, og eptir að atkvæði, sem greidd höfðu verið, voru saman talin, reyndist, að atkvæði höfðu fallið á þessa leið:

Alþingismaður Einar Ásmundsson í Nesi hlaut	21	atkvæði
Ritstjóri Skapti Jósepsson á Akureyri	21	—
Prófastur Davíð Guðmundsson á Reistará	10	—
Prófastur Benidikt Kristjánsson á Múla	9	—
Alþingismaður Jón Sigurðsson á Gautlöndum	9	—
Dannebrogsmaður Benidikt Blöndal í Hvammi	8	—
Prófastur Lárus Halldórsson á Valþjófsstað	7	—
Sýslumaður Benidikt Sveinsson á Hjeðinshöfða	5	—
Sýslumaður Stefán Thórarensen á Akureyri	4	—
Umboðsmaður Páll Ólafsson á Hallfreðarstöðum	4	—
Prófastur Björn Halldórsson í Laufási	2	—
Prestur Eggert Briem á Höskuldsstöðum	1	—
Prestur Kristján E. Þórarinsson á Tjörn	1	—
Prestur Björn Þorláksson á Hjaltastað	1	—
Hreppstjóri Benidikt Jónsson á Auðnum	1	—

Með því þeir alþingismaður Einar Ásmundsson í Nesi og ritstjóri Skapti Jósepsson á Akureyri höfðu fengið flest atkvæði og jafnmörg, var samkvæmt fyrnefndri lagagrein dregið hlutkesti, og hlaut hlutinn alþingismaður Einar Ásmundsson, sem þannig er endurkosinn til amtsráðsins, en ritstjóri Skapti Jósepsson er kosinn varamaður.

Fundi slitið.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 25. ágúst 1881.

J. Havsteen, settur. *J. Halldórsson.* *Guðmundur Helgason.*

141 Ár 1881, 14. dag septembermán., var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, settum amtmanni Júlíusi Havsteen, með amtsráðsmönnunum presti Arnljóti Ólafssyni og alþingismanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, sem hjer eru talin:

1. Samkvæmt 50. gr. sveitarstjórnarlaganna var prestur Arnljótur Ólafsson kosinn skrifari amtsráðsins til þess að rita í gjörðabókina, og ásamt með forseta sjá um, að ályktanir ráðsins verði birtar almenningi samkvæmt 55. gr. tjeðra laga.
2. Forseti amtsráðsins hafði auglýst 26. júlí síðastliðinn í norðanblöðunum, að búnaðarfjelög þau, er óskuðu eptir styrk af þeim 2000 kr., er í fjárlögunum 9. gr. B. 4. eru ætlaðar til eflingar búnaði, ættu að senda amtsráðinu fyrir 15. september skýrslur um framkvæmdir fjelaganna. Nú voru komnar slíkar skýrslur frá 10 búnaðarfjelögum, en vanta frá 6, sem amtinu er kunnugt um, að til sjeu. Eptir því, sem amtsráðið gat næst komizt af skýrslunum um framkvæmdir hvers af þessum 10 fjelögum, rjeði það til, að þeim yrði veittur fylgjandi styrkur:

1.	Búnaðarfjelagi	Svínavatnshrepps	250 kr.
2.	Framfarafjelagi	Hrafnagilshrepps	35 —
3.	—»—	Saurbœjarhrepps	35 —
4.	—»—	Öngulstaðahrepps	100 —
		Flyt	420 —